

Alþingi  
Erindi nr. P 130/188/  
komudagur 16.4.2004

16. apríl 2004  
ÓHP/sj

Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis  
Austurstræti 8 – 10  
150 Reykjavík

**Varðar 849. mál, frumvarp til laga um olíugjald og kílómetragjald o.fl**

Vísað er til bréfs efnahags- og viðskiptanefndar, dagsetts 6. apríl 2004.

Umferðarráð hefur ekki komið saman til fundar frá því að bréf nefndarinnar barst. Stjórn ráðsins ákvað því að senda fulltrúum í Umferðarráði erindið til umsagnar í tölvupósti. Eftirfarandi svör bárust:

Frá fulltrúa Bilgreinasambandsins, Geir Gunnarssyni:

„Meirihluti innan Bilgreinasambandsins styður frumvarpið og telur tímabært að koma dísilbifreiðum til nútímans.“

Frá fulltrúa Félags íslenskra bifreiðaeigenda, Runólfi Ólafssyni:

„Félag íslenskra bifreiðaeigenda styður frumvarpið. Núverandi þungaskattskerfi mismunar samfélagshópum, atvinnugreinum og bilgerðum og er í mótsögn við markmið um að draga úr útblæstri gróðurhúsalofttegunda“.

Frá fulltrúa Menntamálaráðuneytisins, Tryggva Jakobssyni.


„Ef gjald á dísilolíu verður 45 krómur á lítra gæti útsöluverð með álagningu jafnvel orðið hærra en útsöluverð bensíns. Til hvers þá þessar breytingar? Var ekki með frumvarpinu fyrst og fremst verið að hvetja til meiri hagkvæmni, orkusparnaðar og umhverfisverndar?“

Frá fulltrúa Öryrkjabandalags Íslands, Arnþóri Helgasyni:

„Öryrkjabandalagið lýsir sig fylgjandi frumvarpinu í meginatriðum. Rekstrarkostnaður bifreiða lækkar, aukin notkun dísilbifreiða dregur úr mengun og umtalsverður þjóðhagslegur sparnaður næst“.

Stjórn Umferðarráðs tekur undir framangreind sjónarmið. Bendir jafnframt á að þeir sem reynslu hafa af því að taka á leigu dísilknúnar bilaleigubifreiðir í öðrum löndum hafa undrast að hér á landi skuli ekki almennt vera á boðstólum sambærilegar bifreiðir. Þrátt fyrir að efni frumvarpsins varði ekki umferðaröryggismál með beinum hætti, mælir stjórnin með að það verði að lögum á yfirstandandi þingi, og lítur þá fyrst og fremst á þjóðhagslegt gildi þess.

f.h. Umferðarráðs,



Óli H. Þórðarson  
formaður